

SAMSTARFSSAMNINGUR

um skipulagsmál vegna hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, kt. 681077-0819, (hér eftir nefnd **SSH**) og sérstaklega sveitarfélögin **Reykjavíkurborg**, kt. 530269-7609, **Kópavogsbær**, kt. 700169-3759, **Garðabær**, kt. 570169-6109, og **Hafnarfjarðarkaupstaður**, kt. 590169-7579, (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður hér eftir sameiginlega nefnd „sveitarfélögin“), annars vegar og **Fluglestin-þróunarfélag ehf.**, kt. [] (hér eftir nefnt **þróunarfélagið**), hins vegar, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning (hér eftir nefndur „**samstarfssamningurinn**“) um skipulagsmál vegna hraðlestar sem ætlað er að tengja saman Keflavíkurflugvöll og höfuðborgarsvæðið, með endastöð á umferðarmiðstöðvarreit (BSÍ) (hér eftir nefnd „**hraðlestin**“):

1. SSH og sveitarfélögin munu, í samstarfi við þróunarfélagið, hefja vinnu við nauðsynlegar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi sveitarfélaganna ásamt deiliskipulagsáætlunum fyrir mannvirki á yfirborði (hér eftir nefnd „**skipulagsvinnan**“) vegna byggingu og reksturs hraðlestarinnar (hér eftir nefnd „**framkvæmdin**“). Markmiðið með skipulagsvinnunni og samstarfinu er m.a.:

- Að tryggja hagkvæmni framkvæmdarinnar
- Að tryggja að þróunarfélagið geti framkvæmt nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings framkvæmdinni.
- Að tryggja góðar tengingar fyrirhugaðra lestarstöðva við byggð, umferðarmannvirki og samgöngur á yfirborði, með sérstakri áherslu á almenningssamgöngur.
- Að tryggja að framkvæmdin geri til lengri tíma mögulegt, reynist slíkt hagkvæmt, að þróa hana áfram til frekari uppbyggingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, t.d. með fjölgun stöðva, tvöföldun jarðgangna og mögulegri tengingu við framtíðarstaðsetningu innanlandsflugs.

2. Verkefnishópur fyrir skipulagsvinnuna skal skipaður fulltrúum frá SSH annars vegar og þróunarfélaginu hins vegar. Á verksviði hans skal vera gerð verk-, tíma og fjárhagsáætlunar, ásamt gerð

ábyrgðarskiptingar vegna skipulagsvinnunnar, sem stjórnir SSH og þróunarfélagsins þurfa að samþykkja.

3. Skipulagsvinnan skal leidd af svæðisskipulagsnefnd SSH í nánú samráði við fagráð SSH og þróunarfélagið. Þróunarfélagið mun annast mat á valkostum, greiningarvinnu og skipulagsgerð en vinna í samráði við svæðisskipulagsnefnd SSH. SSH og sveitarfélögin skulu bera kostnað af umsýslu svæðisskipulagsnefndar og skipulagsnefndarinnar og aðkomu eigin sérfræðinga, en greiningarvinna og skipulagsgerð skal að öðru leyti greidd af þróunarfélaginu.
4. Aðilar eru sammála um að markmið samstarfsins verði heildstæð tillaga að breytingu á skipulagi, sem gerð verði grein fyrir í svæðisskipulagi, og í kjölfarið innleidd í aðalskipulag sveitarfélaganna. Af hálfu sveitarfélaganna skal þess gætt sem kostur er að breytingar á skipulagi nái fram að ganga innan þeirra tímaramma sem skilgreindir verða í verkefninu, s.s. vegna lestarlínu, stöðva, viðhalds- og starfssvæðis og neyðarútganga úr göngum.
5. Með samstarfssamningnum veita sveitarfélögin vilyrði fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim og/eða byggingarrétti, ofan eða neðan jarðar vegna framkvæmdarinnar til þróunarfélagsins, skv. nánara samkomulagi, m.a. vegna endastöðvar sem tengist fyrirhugaðri samgöngumiðstöð Reykjavíkur á umferðarmiðstöðvarreit (BSÍ).
6. Sveitarfélögin munu af sinni hálfu einnig tryggja nauðsynlegt samstarf í tengslum við framkvæmd og gerð mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.
7. Samstarfssamningurinn gildir til fimm ára frá undirritun eða í þrjú ár frá því að skipulagsvinnu af hálfu sveitarfélaganna lýkur sem þróunarfélagið mun nýta til hönnunar og fjármögnunar verkefnisins. Samningurinn gildir þó ekki lengur en í sjö ár, nema aðilar framlengi hann sérstaklega.
8. Meðan samstarfssamningurinn er í gildi skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka ekki þátt í eða gerast aðili, með beinum eða óbeinum hætti, að sambærilegu verkefni við aðra aðila en þróunarfélagið. Hætti þróunarfélagið við verkefnið fellur samstarfssamningurinn úr gildi en þær greiningar, upplýsingar og gögn sem orðið hafa til í skipulagssamstarfinu teljast opinberar og almenningsseign.

Aðkoma SSH og sveitarfélaganna að verkefninu byggist m.a. á ákvæði 3.2.5 í gildandi svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið. SSH og sveitarfélögin munu á samningstímanum vinna áfram á grundvelli gildandi svæðisskipulags um mótun hágæða almenningsamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu sbr. Markmið 3.1 og áskilja sér rétt til að skoða og ræða alla þá möguleika til útfærslu á ákvæði 3.2.5 við Fluglestina sem leitt geta til hagkvæmustu niðurstöðu fyrir sveitarfélögin og verkefnið sbr. fylgiskjal A.

Staður og dagsetning]

F. h. Samtaka sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Fluglestin-þróunarfélag ehf

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

F.h. Garðabæjar
